

Reitir fasteignafélag

Samfélagsskýrsla 2021



REITIR
FASTEIGNAFÉLAG

Inngangur.....	2
Umhverfi.....	3
E1 Losun gróðurhúsalofttegunda.....	4
E2 Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda.....	7
E3 Orkunotkun.....	7
E4 Orkukræfni.....	8
E5 Samsetning orku.....	9
E6 Vatnsnotkun.....	10
E7 Umhverfisstarfssemi.....	11
E8 Loftslagseftirlit / stjórn.....	15
E9 Loftslagseftirlit / stjórnendur.....	15
E10 Mildun loftslagsáhættu.....	15
Félagslegir þættir.....	16
S1 Launahlutfall forstjóra.....	17
S2 Launamunur kynja.....	17
S3 Starfsmannavelta.....	18
S4 Kynjafjölbreytni.....	18
S5 Hlutfall tímabundinna starfskrafta.....	19
S6 Aðgerðir gegn mismunun.....	19
S7 Vinnuslysatiðni.....	19
S8 Hnattræn heilsa og öryggi.....	20
S9 Barna- og nauðungarvinna.....	20
S10. Mannréttindi.....	20
Stjórnarhættir.....	21
G1 Kynjahlutfall í stjórn.....	21
G2 Óhæði stjórnar.....	21
G3 Kaupaukar.....	22
G4 Kjarasamningar.....	22
G5 Siðareglur birgja.....	22
G6 Siðferði og aðgerðir gegn spillingu.....	22
G7 Persónuvernd.....	23
G8 Sjálfbæriskýrsla.....	23
G9 Starfsvenjur við upplýsingagjöf.....	23
G10 Endurskoðun/vottun ytri aðila.....	24
ESG tafla Reita 2021.....	24

Inngangur

Reitir halda áfram vegferð sinni í átt að aukinni sjálfbærni. Á árinu var stofnuð sjálfbærnefnd hjá félaginu, en í henni eiga sæti starfsfólk frá öllum sviðum Reita. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja að sjálfbærni verði hluti af daglegum rekstri félagsins og vera leiðbeinandi um áherslur í sjálfbærnimálum, þannig að sem bestur árangur náist í félagslegri, efnahagslegri og umhverfislegri sjálfbærni. Aukin umræða var um sjálfbærnimál í stjórn og undirnefndum sem og hjá stjórnendum félagsins á árinu.

Mælingar á umhverfisáhrifum eru gerðar eftir því sem kostur er á hverjum tíma og sést nú hver þróunin er milli ára. Kolefnisspor félagsins lækkaði um 29%, miðað við sambærilega þætti frá fyrra ári. Bætt hefur verið við upplýsingum um losun í umfangi 3 til að ná betur utan um afleidda losun félagsins á gróðurhúsalofttegundum. Góður árangur náðist í meðhöndlun byggingarúrgangs, þar sem flokkunarhlutfall ársins 2021 var 92% í þeim framkvæmdum þar sem upplýsingar liggja fyrir, sem er stór aukning frá fyrri árum og umfram langtímamarkmið í stefnu Reita. Til að stuðla að enn betri meðhöndlun og endurnýtingu byggingarúrgangs hafa Reitir gert endurnýtingaráætlanir fyrir þrjár fasteignir sem á að rífa á næstu árum, með þann tilgang að koma sem mest af byggingarefnum í endurnýtingu og stuðla að hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði.

Reitir lánuðu áfram fasteign sína við Suðurlandsbraut 34 undir aðstöðu til skimana, sýnatöku og bólusetninga gegn kórónaveirunni. Búið er að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Orkureit, sem húsið er hluti af, og senda fyrsta skref vistvottunar skipulagsins til vottunaraðila. Einnig liggja gögn vegna vistvottunar á fasteign Reita við Skaftahlíð 24 hjá vottunaraðila og er gert ráð fyrir að fasteignin fái BREEAM In-Use vottun á fyrri hluta árs 2022.

Reitir hafa sett sér stefnu varðandi samfélagslega ábyrgð og inniheldur hún umhverfisstefnu, mannréttinda- og jafnréttisstefnu, siðaregur og varnir gegn spillingar- og mútumálum, stefnu varðandi heilsu og öryggis starfsfólks, jafnréttis- og jafnlaunastefnu auk kafla um samfélagsverkefni og samvinnu. Stefnuna má finna á reitir.is/samfelag og telst hún hluti af samfélagskýrslu þessari. Má þar einnig finna markmiðasetningu félagsins á ofangreindum sviðum.

Viðskiptalíkan Reita

Viðskiptalíkan Reita byggir á sérhæfingu í fjárfestingum í atvinnuhúsnæði og útleigu slíks húsnæðis til ýmissa aðila. Stærstur hluti tekna félagsins eru leigutekjur og helstu gjöld eru tengd rekstri, stjórnun og fjármögnun fasteigna félagsins. Reitir eiga atvinnuhúsnæði víða um land, en langstærstur hluti þess er á höfuðborgarsvæðinu. Með því að stýra samsetningu eignasafns eftir tegundum fasteigna annars vegar, og tegundum viðskiptavina hins vegar, lágmarka Reitir eins og kostur er þá áhættu á að efnahagslegar sveiflur og/eða stefnubreytingar á ákveðnum mörkuðum hafi of mikil áhrif á eignasafnið og tekjurnar í heild.

Um uppbyggingu skýrslunnar

Samfélagsskýrsla þessi er unnin í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq frá febrúar 2020 (þýðing á ESG Reporting Guide 2.0 frá maí 2019). Samfélagsskýrslan skiptist í þrjá meginkafla; umhverfi (E), félagslegir þættir (S) og stjórnarhættir (G). Undir hverjum þessara þriggja meginkafla eru 10 undirkaflar. Við hvern undirkafla eru tilvísanir í viðkomandi kafla í GRI staðli (GRI), númer á meginreglu í UN Global Compact (UNGC) og númer á því markmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG) sem á við hverju sinni, sýnt til upplýsinga. Samhliða gögnum fyrir árið 2021 eru birt gögn fyrir árin 2018–2020 þar sem þau eru aðgengileg. Þar sem sýnd er breyting á milli ára á það við breytingu milli árana 2020 og 2021. Aftast í skýrslunni er að finna formlega ESG töflu.

Félagið fylgir ekki áreiðanleikakönnunarferli hvað ESG mál varðar, nema það að formleg úttekt hefur verið fengin á þriggja ára fresti á því hvort stjórnarhættir félagsins fylgi Leiðbeiningum um stjórnarhætti útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, og var slík úttekt framkvæmd síðast á árinu 2019. Til stendur að fá úttektir á öllum þáttum á næstu misserum.

Umhverfi

Reitir leggja metnað í að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum, bæði í rekstri og uppbyggingu á vegum félagsins. Þannig eru umhverfisáhrif mæld og birt í þessari skýrslu. Góður árangur náðist í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Reita á árinu, eða um 29% fyrir sambærilega þætti. Losun vegna úrgangs dróst saman um rúm 60%, og er sá árangur til kominn vegna áttaks í flokkun byggingarúrgangs.

Reitir eru stofnaðili að Grænni byggð sem starfar eftir því leiðarljósi að gera manngert umhverfi sjálfbært og vistvænt. Reitir eru á meðal stærstu styrktaraðila Grænni byggðar auk þess að veita félaginu aukinn stuðning í formi skrifstofuhúsnæðis fyrir starfsemina.

Reitir eru aðilar að Festu — miðstöð um samfélagsábyrgð og hafa skrifað undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykavíkurborgar. Í því felst skuldbinding um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs og birta niðurstöður mælinga.

Reitir eru einn stofnaðila Votlendissjóðs, en hlutverk sjóðsins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis. Reitir kolefnisjafna losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi félagsins nú í annað sinn fyrir árið 2021 með framlagi til sjóðsins sem nýtast á til að binda 50 tonn CO₂ ígildi, sem er reiknuð kolefnislosun Reita fyrir árið 2021, að undanskyldri losun í umfangi 3 hjá Reitum þjónustu, sem tengist rekstri fasteigna sem Reitir hafa ekki umráð yfir.

Reitir hættu alfarið að senda frá sér reikninga á pappír á árinu 2020, eftir að hafa verið með rafrænt bókhald í um áratug og hvatt til pappíarslausra viðskipta. Pappírnotkun

dróst saman um 21% á milli áráanna 2020 og 2021 en hafði áður dregist saman um 43% á milli áráanna 2019 og 2020.

Vinna við fyrsta BREAAAM In-Use verkefni Reita var unnin á árinu, en votta á nýuppgerða skrifstofubyggingu við Skaftahlíð 24, þar sem Landspítalinn er leigutaki. Gögn voru send til vottunaraðila um áramót, en formleg staðfesting á vottun er ekki komin í hús. Reitir hafa þegar hlotið BREEAM Refurbishment vottun fyrir endurbætur á Höfðabakka 9 árið 2011. Einnig eru tvö deiliskipulagsverkefni í vinnslu eftir BREEAM Communities vottunarsaðlinum. Búið er að senda fyrstu matsskýrslu vegna Orkureits til vottunaraðila, en Reitir taka þátt í að klára BREEAM vottunina þó að byggingaheimildir á reitnum hafi verið seldar. BREEAM staðallinn er alþjóðlegt vistvottunarkerfi sem tekið er út af þriðja aðila. Auk þessa fengu Reitir afhent leyfi fyrir Svansvottaðri framkvæmd við endurbætur á skrifstofu Umhverfisstofnunar við Suðurlandsbraut 24 árið 2020.

E1 Losun gróðurhúsalofttegunda

GRI 305-1, 2, 3 | UNGC 7 | SDG 12, 13

Tafla E1 sýnir losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Reita, skipt niður eftir mismunandi uppsprettum og í beina (umfang 1) og óbeina (umfang 2 og 3) losun. Losunin er reiknuð eftir leiðbeiningum í Greenhouse Gas Protocol (GHG protocol), sem er alþjóðlegur staðall fyrir uppgjör á losun gróðurhúsalofttegunda og er gefin upp í CO₂ ígildum. Losunartölur eru teknar úr hugbúnaði Klappa, Enviromaster, eða útreiknaðar miðað við notkunartölur úr viðskiptabókhaldi og grænum skýrslum og með viðurkenndum umreiknistuðlum. Hlutfallsleg breyting er sýnd á milli áráanna 2020 og 2021.

Árið 2021 dróst kolefnislosun saman um 29%, samanborið við sömu liði árið 2020, eða úr 68 tonn CO₂ í 48 tonn CO₂. Þannig var markmiði Reita um að jafnaði 5% samdrátt í kolefnisspori á ári náð og vel rúmlega það.

Samhliða því að draga úr losun, er verkefnið að ná fleiri þáttum í umfangi 3 inn í kolefnisbókhaldið. Í því skyni var bætt inn í umfang 3 losun frá starfsemi sem Reitir þjónusta heldur utan um. Sú losun nam 242 tonn CO₂ á árinu og að henni meðtalinni hækkaði kolefnissporið um 328% á milli ára. Reitir þjónusta er dótturfélag Reita sem hefur milligöngu um rekstur sameigna í fasteignum og endurrúkkar leigutaka um þann kostnað. Losunin verður vegna starfsemi leigutaka í fasteignum sem þeir hafa umráð yfir. Þar sem Reitir þjónusta hefur milligöngu um þjónustuna, geta Reitir í samvinnu við leigutaka, reynt að draga úr losun vegna rekstursins. Utanumhald Reita á þessum þáttum auðveldar einnig leigutökum okkar utanumhald á sinni losun.

Reitir kolefnisjafna losun ársins, undanskilið því sem fellur til hjá Reitum þjónustu, með framlagi til Votlendissjóðsins sem nýtast á til að binda ígildi 50 tonna CO₂ með endurheimt votlendis.

	2019	2020	2021	Breyting
Umfang 1 Eldsneyti	15,3	16,0	13,3	-17%
Umfang 2 Rafmagn	5,6	7,2	6,9	-4%
Skrifstofa Reita	0,3	0,3	0,2	-21%
Fasteignir í millibilsástandi	5,3	6,9	6,7	-3%
Umfang 2 Heitt vatn	7,4	16,9	14,4	-14%
Skrifstofa Reita	0,3	0,4	0,3	-11%
Fasteignir í millibilsástandi	7,1	16,5	14,1	-15%
Umfang 3 Flugferðir	9,3	3,2	1,6	-50%
Umfang 3 Akstur starfsfólks til og frá vinnu	7,9	4,5	3,8	-15%
Umfang 3 Úrgangur	25,3	20,1	7,8	-61%
Skrifstofa Reita	1,2	0,8	0,7	-13%
Endurnýjunarverk	24,0	19,4	7,1	-63%
Umfang 3 Reitir þjónusta	-	-	242,5	
Rafmagn	-	-	33,1	
Heitt vatn	-	-	126,1	
Úrgangur	-	-	83,3	
Samtals losun – Án Reitir þjónustu	70,7	67,9	47,9	-29%
Samtals losun – Með Reitir þjónustu	70,7	67,9	290,4	328%
Mótvægisáðgerðir, Votlendissjóður	-	68,0	50,0	-26%

 Tafla E1. Losun gróðurhúsalofttegunda (tonn CO₂)

Í umfangi 1 er bein losun gróðurhúsalofttegunda á vegum félagsins, sem er eingöngu vegna eldsneytis sem brennt er í bílum Reita. Losun vegna eldsneytis dróst saman um 17% á milli ára.

Í umfangi 2 er losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar Reita. Það er losun vegna notkunar á heitu vatni og rafmagn á skrifstofu Reita og þeim fasteignum sem eru ekki í almennri útleigu, t.d. vegna viðhaldsframkvæmda, við leigutakaskipti eða í tímabundinni leigu. Losun vegna orkunotkunar frá skrifstofunni sjálfri er mjög lítil hluti af heildarlosun, en henni er haldið aðskildri í töflu E1 upp á samanburð á milli ára. Losun frá fasteignum er breytileg á milli ára, eftir því hvað margar fasteignir eru í endurnýjun eða viðhaldi ár hvert.

Þar sem flestar eignir Reita eru á höfuðborgarsvæðinu og tengdar dreifikerfi Veitna nota Reitir umreiknistuðla Veitna/OR við útreikninga (sjá reitir.is/kolefnisspor og ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur).


Í umfangi 3 er önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda. Umfang 3 sýnir losun vegna flugferða starfsfólks í vinnuferðum, ferða starfsfólks til og frá vinnu, úrgangs bæði frá skrifstofu Reita og frá framkvæmdum í fasteignum á vegum félagsins auk úrgangs, rafmagns og heits vatns sem Reitir þjónusta hefur milligöngu um fyrir rekstrarfélög í hluta

fasteignasafnsins. Skv. leiðbeiningum GHG Protocol birtist losun vegna orkunotkunar í fasteignum í útleigu, í umfangi 3 á meðan orkunotkun Reita birtist í umfangi 2.

Töluverður samdráttur er í losun frá samgöngum. Losun vegna flugferða dróst saman um 50% á milli ára og losun vegna aksturs starfsfólks til og frá vinnu um 15%. Covid-19 áhrif hafa mest að segja um samdrátt í flugi en samdráttur í losun ferða starfsmanna helgast mest af því að lengri vegalengdir eru farnar á rafmagnsbílum. Til að finna losun vegna ferða starfsfólks er gerð ferðavenjukönnun.

Mestu munar um minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs, sem hefur dregist saman um 61% á milli ára. Er þar helst að þakka átaki í flokkun byggingarúrgangs, sem farið var í eftir að kom í ljós að losun vegna úrgangs var um þriðjungur kolefnisspors félagsins undanfarin tvö ár og að flokkunarhlutfall var ekki gott. Upplýsingar liggja fyrir úr tveimur niðurrifsframkvæmdum, sem eru langumfangsmestu framkvæmdir ársins auk nokkurra minni framkvæmda, en markmiðið er að ná enn betur utan um úrgang úr öllum framkvæmdum. Úrgangur frá skrifstofu Reita er áætlaður út frá hlutfalli heildarúrgangs Kringlunnar, sem skrifstofa Reita er hluti af, en það er ekki stór hluti af heildarkolefnisspori félagsins.

Mynd E1 sýnir hvernig losun gróðurhúsalofttegunda þróast á milli ára eftir umfangi og undirflokkum (losun vegna Reita þjónustu í umfangi 3 er ekki sýnd með þar sem ekki er samanburður á milli ára og aðrir liðir verða hverfandi í samanburðinum). Allir liðir lækka á milli ára.



Mynd E1. Losun gróðurhúsalofttegunda eftir umfangi og uppruna, samanburður á milli ára (tonn CO₂).

E2 Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

GRI 305-4 | UNGC 7, 8 | SDG 12, 13

Losunarkræfni sýnir losun gróðurhúsalofttegunda frá félaginu miðað við helstu stærðir í rekstri félagsins. Úttaksstærðir eru heildarstærð fasteigna, tekjur ársins og starfsmannafjöldi. Losunarkræfni hækkar mikið á milli ára vegna þess að losun frá Reitum þjónustu er nú birt í fyrsta sinn undir losun gróðurhúsalofttegunda.

	2019	2020	2021	Breyting
Rekstrarþættir				
Losun gróðurhúsalofttegunda (tCO ₂)	70,7	67,9	290,4	328%
Stærð fasteigna (m ²)	460.000	445.000	455.000	2%
Tekjur (milljón kr.)	11.723	10.685	11.850	11%
Starfsmannafjöldi (stöðugildi)	21,3	22,6	21,4	-5%
Losunarkræfni / stærð fasteigna (kgCO ₂ /m ²)	0,2	0,2	0,6	318%
Losunarkræfni / tekjur (kgCO ₂ /millj.kr.)	6,0	6,4	24,5	286%
Losunarkræfni / starfsmannafjöldi (kgCO ₂ /stöðugildi)	3.327	3.004	13.569	352%

Tafla E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

E3 Orkunotkun

GRI 302-1, 2 | UNGC 7, 8 | SDG 12, 13


Orkunotkun Reita er vegna eldsneytis á bíla félagsins (bein orkunotkun) og rafmagns- og heitavatnsnotkunar í fasteignum (óbein orkunotkun). Gefin er upp orkunotkun í fasteignum sem eru á forræði Reita, þ.e. fasteignum sem eru ekki í hefðbundinni leigu og fyrir árið 2021 var bætt við orkunotkun sem Reitir þjónusta hefur milligöngu um fyrir leigutaka. Breyting í orkunotkun merkir ekki endilega raunverulega breytingu í venjubundinni orkunotkun fasteigna, heldur getur hún endurspeglad fjölda fasteigna á forræði Reita á hverjum tíma, eða sem Reitir þjónusta hefur milligöngu um hverju sinni. Markmið er að öðlast yfirsýn yfir orkunotkun í öllu fasteignasafni Reita í síðasta lagi árið 2025, en orkunotkun í fasteignum er nær alltaf á forræði leigutaka og ekki aðgengileg Reitum án heimildar leigutaka. Með yfirsýn yfir notkun geta Reitir betur borið kennsl á frávik sem gæti bent til viðhaldsþarfar eða úrbótatækifæra og þannig stuðlað að góðri orkunýtni fasteigna sinna, leigutökum til góða.

Orkunotkun byggir að hluta á áætlun, þar sem ekki er lesið af öllum mælum um áramót. Dregið hefur úr orkunotkun í flestum þáttum á milli árána 2020 og 2021.

Orkunotkun sem Reitir þjónusta hefur milligöngu um er haldið aðskildri í töflu E3, þar sem hún greiðist að mestu leyti af leigutökum, en Reitir þjónusta skiptir greiðslum. Orkunotkun vegna Reita þjónustu er ekki sýnd á mynd E3 vegna þess að ekki er samanburður við fyrri ár og önnur orkunotkun verður hverfandi í samanburði.

	2019	2020	2021	Breyting
Jarðefnaeldsneyti	61.605	64.320	52.334	-19%
Rafmagn				
- Skrifstofa Reita	36.411	33.963	31.100	-8%
- Fasteignir í millibilsástandi	702.104	835.382	905.545	8%
- Reitir þjónusta			4.479.176	
Heitt vatn				
- Skrifstofa Reita	85.711	92.434	87.406	-5%
- Fasteignir í millibilsástandi	2.412.889	4.128.286	3.700.690	-10%
- Reitir þjónusta			33.188.180	
Samtals án Reitir þjónusta	3.298.720	5.154.385	4.777.075	-7%
Samtals, með Reitum þjónustu	3.298.720	5.154.385	42.444.431	723%

Tafla E3. Orkunotkun (kWst)



Mynd E3. Orkunotkun, dreifing milli ára og uppruna (kWst) — Orkunotkun Reita þjónustu ekki sýnd á mynd

E4 Orkukræfni

GRI 302-3 | UNGC 7, 8 | SDG 12, 13

Orkukræfni sýnir beina orkunotkun Reita miðað við helstu stærðir í rekstri félagsins. Úttaksstærðir eru heildarstærð fasteigna, tekjur ársins og starfsmannafjöldi. Í tilfalli Reita er bein orkunotkun eingöngu vegna bruna jarðefnaeldsneytis á bílum félagsins.

	2019	2020	2021	Breyting
Rekstrarþættir				
Bein orkunotkun (kWst)	61.605	64.320	52.334	-19%
Stærð fasteigna (m2)	460.000	445.000	455.000	2%
Tekjur (milljón kr.)	11.723	10.685	11.850	11%
Starfsmannafjöldi (stöðugildi)	21,3	22,6	21,4	-5%
Orkukræfni / stærð fasteigna (kWst/m ²)	0,1	0,1	0,1	-20%
Orkukræfni / tekjur (kWst/millj.kr.)	5,3	6,0	4,4	-27%
Orkukræfni / starfsmannafjöldi (kWst/stöðugildi)	2.899	2.846	2.446	-14%

Tafla E4. Orkukræfni

E5 Samsetning orku


GRI 302-1 | UNGC | SDG 7

Orkunotkun félagsins er mest vegna húshitunar og rafmagnsnotkunar í fasteignum. Reitir kaupa eingöngu rafmagn og heitt vatn sem á uppruna frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Stærsti hluti orkunnar er keyptur frá birgjum sem gefa út upprunaábyrgð með raforkusölunni. Árið 2021 var 1% af heildarorkunotkun frá óendurnýjanlegum orkugjöfum en 99% frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Ef orkunotkun hjá Reitum þjónustu er tekin með er hlutfall óendurnýjanlegrar orku 0,1%.

	2019	2020	2021	Breyting
Óendurnýjanlegt – Eldsneyti	2%	1%	1%	-12%
Endurnýjanlegur orkugjafar	98%	99%	99%	0%
– þar af rafmagn	22%	17%	20%	16%
– þar af heitt vatn	76%	82%	79%	-3%

Tafla E5. Samsetning orku — Reitir þjónusta undanskylin

Athygli vekur að þrátt fyrir að óendurnýjanlegir orkugjafar séu eingöngu 1% af orkunotkun Reita (í kWst — án Reita þjónustu) þá er losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðefnaeldsneyti 38% af losun vegna orkunotkunar Reita. Mynd E5 sýnir dreifingu orkunotkunar eftir orkumagni (kWst) orkugjafanna þriggja (efri hluti) í samanburði við hlutfallslega dreifingu kolefnislosunar (CO₂) eftir uppruna orkugjafa (neðri hluti). Á þessu sést augljóslega hvað jarðefnaeldsneyti losar mikið af gróðurhúsalofttegundum á orkueiningu á móti rafmagn og heitu vatni, sem framleitt er með endurnýjanlegum orkugjöfum á Íslandi. Reitir settu sér markmið að hætta notkun á jarðefnaeldsneyti árið 2021 og nota í staðinn eingöngu endurvinnanlega orku. Það gekk ekki eftir en það náðist engu að síður að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis um 17%. Þannig er stuðlað að Heimsmarkmiði nr 7 um að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku.



Mynd E5. Dreifing orkunotkunar eftir uppruna (kWst — efri hluti) og dreifing kolefnislosunar vegna orkunotkunar (CO₂ losun — neðri hluti)

E6 Vatnsnotkun

GRI 303-5 | UNGC | SDG 6, 12


Vatnsnotkun Reita er vegna húshitunar, kælikerfa og fyrir heitt og kalt neysluvatn. Í töflu E6 og á mynd E6 er sýnd vatnsnotkun á skrifstofu Reita og í öðrum fasteignum þar sem vatnsmælar eru á forræði Reita. Einnig er í fyrsta skipti tekin saman vatnsnotkun í fasteignum þar sem Reitir þjónusta hefur umsjón með mælum og sér um að deila kostnaði vegna vatnsnotkunar, sjá töflu E6. Vatnsnotkun í fasteignum í millibilsástandi getur verið breytileg, eftir því hvaða fasteignir eru í endurbótum eða ekki í hefðbundinni útleigu hverju sinni.

	2019	2020	2021	Breyting
Kalt vatn	1.880	19.443	144.082	641%
– Þar af skrifstofa Reita	761	631	695	10%
– Þar af fasteignir í millibilsástandi	1.119	18.812	-4.226	-122%
– Þar af Reitir þjónusta			147.613	
Heitt vatn	44.223	74.703	637.522	753%
– Þar af skrifstofa Reita	1.517	1.636	1.507	-8%
– Þar af fasteignir í millibilsástandi	42.706	73.067	63.805	-13%
– Þar af Reitir þjónusta			572.210	

Tafla E6. Vatnsnotkun (m³)

Vatnsnotkun er fengin úr viðskiptayfirlitum veitufélaganna og er að hluta byggð á áætlunum, þar sem ekki er lesið af öllum vatnsmælum við áramót. Neikvæð notkun á köldu vatni árið 2021 er vegna leiðréttingar á áætlun frá fyrra ári.

Ekkert vatn er endurheimt en við margar fasteignir er bakrás hitaveitu nýtt til snjóbræðslu.



Mynd E6. Vatnsnotkun (m³) — Orkunotkun Reita þjónustu ekki sýnd á mynd

E7 Umhverfisstarfssemi

GRI 103-2 | UNGC | SDG 12

Umhverfisstefna Reita er hluti af stefnu Reita varðandi samfélagslega ábyrgð. Umhverfisstefnan skiptist í eftirfarandi undirkafla sem gert er nánari grein fyrir hérna fyrir neðan.

Endurvinnsla og úrgangur

Á skrifstofu Reita er úrgangur flokkaður í eftirfarandi flokka; pappír, plast, málmar, lífrænt, skilagjaldskyldar umbúðir (dósir og flöskur), raftæki, rafhlöður, gler og postulín og almennt/óflokkað. Ekki er til nákvæm skráning á úrgangi, því hann blandast öðrum úrgangi úr Kringlunni í flokkunarstöð Kringlunnar. Er því ekki til yfirlit yfir magn og hlutfall á milli flokka nema fyrir Kringluna alla. Starfsfólk er hvatt til að flokka sem mest og setja sem minnst í óflokkað sorp.

Það er stefna Reita að til verði sem minnstur úrgangur í starfsemi félagsins, með skynsömum innkaupum og fræðslu til starfsfólks. Allur úrgangur frá skrifstofu félagsins er flokkaður með það að markmiði að stærstur hluti fari í endurvinnslu og sem minnst fari í almennt sorp. Markmið félagsins er að fyrir árið 2022 verður haldið utan um magn og meðhöndlun úrgangs í öllum stærri framkvæmdum. Flokkunarhlutfall fyrir hverja framkvæmd verði að minnsta kosti 90% fyrir árið 2025. Árlega er áætlað hve mikill úrgangur muni falla til við framkvæmdir á vegum félagsins og reynt að finna tækifæri til endurnýtingar.

Á árinu voru unnar endurnýtingaráætlanir fyrir þrjár fasteignir Reita sem stendur til að rífa. Verkefnið gekk út á að kortleggja og magntaka byggingarefni í mannvirkjunum og koma auga á endurnýtingarmöguleika. Að auki var reiknað kolefnisspor sem bundið er í

byggingarefni fasteignanna. Niðurstöður útreikninga á bundnu kolefni í fasteignunum má finna í töflu E7.

Ástæðan fyrir mikilli áherslu Reita á endurnýtingu byggingaefna er sú staðreynd að byggingaiðnaðurinn er talinn vera ábyrgur fyrir allt að 40% af losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu, um helmingi af allri auðlindanýtingu jarðar og um 40% alls úrgangs. Um helmingur af losun gróðurhúsalofttegunda frá byggingum er bundið í byggingaefnunum (verður til við framleiðslu byggingaefnanna og framkvæmd). Til að stuðla að sjálfbærni er mikilvægt að þekkja kolefnisspor mannvirkja og byggingaefna, nýta vistvæn byggingaefni og draga úr myndun byggingarúrgangs.

Fasteign	Tegund	Stærð (m ²)	Bundið kolefni (tonn CO _{2e})	Bundið kolefni (kg CO _{2e} /m ²)
Laugavegur 176	Steypt hús	4.105	1.023	249
Kringlan 1	Steypt hús	6.947	2.390	438
Ármúli 31	Stálgrind á steiptum grunni	6.762	3.040	450

Tafla E7. Bundið kolefni í þremur fasteignum í eignasafni Reita

Áhersla var á að bæta flokkun byggingarúrgangs frá framkvæmdum félagsins á árinu. Í tveimur stærstu framkvæmdum ársins náðist 95% og 98% flokkunarhlutfall (samtals 180 tonn af úrgangi). Í heildina náðist 92% flokkunarhlutfall í þeim framkvæmdum þar sem upplýsingar liggja fyrir. Markmiðið er að ná enn betur utan um úrgang úr öllum framkvæmdum. Fyrir framkvæmdir er iðulega reynt að selja efni sem ekki nýtist áfram, áður en það fer í flokkun og endurvinnslu eða urðun.

Tvö lítil dæmi um endurnýtingu og endurvinnslu byggingaefna á árinu fylgja hér að neðan, en með endurnýtingaráætlunum er markmiðið að færa svona verkefni upp í stærri skala:

- Við endurgerð á rými í Kringlunni þar sem nú er hinn glæsilegi veitingastaður Finnsson var parket, sem rífið var af gólfum staðarins, notað til að klæða borðplötur. Það kemur vel út og gefur borðum staðarins einstakt útlit.
- Í samvinnu við Gólfefnaval voru 4 tonn af notuðum teppaflísum send til endurvinnslu hjá framleiðanda í Hollandi, þar sem búin verða til ný teppi úr efninu. Að óbreyttu hefði teppið farið í urðun hér á landi.

Orkunotkun og orkustýring

Þar sem heildarstærð fasteigna Reita er um 455.000 m² er í heildina mikil orkunotkun í fasteignasafninu og Reitir geta haft áhrif með því að stuðla að orkusparandi lausnum. Fyrst um sinn er það markmið Reita að fá yfirlit yfir orkunotkun og geta vaktað rafmagns- og heitavatnsnotkun í fasteignum sínum. Samhliða öllum stærri framkvæmdum er hugað að orkusparandi aðgerðum og setja skal upp mæla til sundarliðunar á orkunotkun. Þegar betra yfirlit hefur fengist verða sett ítarlegri markmið um að draga úr orkunotkun. Í

skýrslunni í ár er bætt við upplýsingum um orkunotkun sem Reitir þjónusta hefur umsjón með. Fjallað er um orkunotkun félagsins í kafla E3.


Reitir reka ekki orkustjórnunarkerfi fyrir fasteignir sínar, en slík kerfi eru þó til staðar í nokkrum fasteignum. Reitir geta að hluta fylgst með orkunotkun fasteigna í Enviromaster hugbúnaði frá Klöppum.

Vatnsnotkun

Reitir hafa sett sér stefnu um að nýta vatn á sjálfbæran hátt. Eins og er hafa Reitir aðeins aðgang að upplýsingum um vatnsnotkun í litlum hluta fasteignasafnsins. Þar sem upplýsingar um vatnsnotkun eru aðgengilegar og ef hún þykir mikil, eru leigutakar látnir vita og beðnir um að skoða hvort notkun eigi sér eðlilegar skýringar, eða hvort mögulega sé sóun í gangi. Vatnsnotkun þarf sérstaklega að skoða í kælikerfum sem geta notað mjög mikið kalt vatn og eins geta loftræsikerfi með varmaendurvinnslu sparað mikla orku við húshitun. Stefnt er að því að hafa aðgang að upplýsingum um vatnsnotkun í öllum fasteignum fyrir árið 2025. Í skýrslunni í ár er bætt við upplýsingum um vatnsnotkun sem Reitir þjónusta hefur umsjón með. Fjallað er um vatnsnotkun í kafla E6.

Samgöngur og ferðamátar

Reitir gerðu ferðavenjukönnun meðal starfsfólks í þriðja sinn fyrir árið 2021. Könnunin sýnir að um 86% ferða til og frá vinnu eru farnar í bíl, en 14% með virkum ferðamátum. Litlar breytingar eru á ferðamátum á milli ára, en ferðum á rafbílum fjölga mest. Um 90% vinnudaga voru unnir á skrifstofunni en um 10% í fjarvinnu. Könnunin sýnir einnig að meirihluti starfsfólks er jákvætt fyrir að nýta oftara virka ferðamáta og stór hluti starfsfólks hefur einnig áhuga á að vinna heima nokkra daga í mánuði, sem fækkar ferðum til og frá vinnu. Starfsfólk hefur aðgang að hraðhleðslustöð við vinnustaðinn, án endurgjalds.



Mynd E7. Ferðamátar starfsmanna Reita eftir vistvæni (% af heildarferðum)

Stefna félagsins var að hætta kaupum á jarðefnaeldsneyti fyrir árslok 2021 og notast eftir það bara við rafbíla. Félagið hefur ennþá tvo tvinnbíla í notkun og því ljóst að það

markmið náðist ekki, þó að dregið hafi úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna. Áfram er stefnt að því að hætta kaupum á jarðefnaeldsneyti.

Mikil áhersla er á vistvænar samgöngur í þróunarverkefnum Reita. Reitir taka þátt í þéttingu byggðar og stærstu verkefni eru við samgöngu- og þróunarása og í nálægð við fyrirhugaðar Borgarlínustöðvar. Hugað er að aðgengi og innviðum fyrir virka og vistvæna ferðamáta.

Aðkeypt vara og þjónusta

Reitir leggja áherslu á endurnýtingu byggingaefna og hringrásarhagkerfið og er það gert í þeim tilgangi að vernda auðlindir, draga úr kolefnislosun í byggingaiðnaði og draga úr myndun úrgangs.

Í daglegum rekstri félagsins skulu notaðar umhverfisvottaðar rekstrarvörur og reynt að velja vörur sem búa til sem minnstan úrgang.

Þróunarverkefni og stærri framkvæmdaverkefni

Við þróun fasteigna og uppbyggingu nýrra svæða leggja Reitir áherslu á sjálfbærni við skipulag og hönnun. Lögð er áhersla á að taka þátt í að þetta byggð, styðja við nýjar samgönguleiðir með sjálfbærni og umhverfisáhrif í huga og að fasteignirnar séu hannaðar þannig að auki við lífsgæði þeirra sem nýta þær.

Mannvirki og svæði sem eru þróuð og byggð í dag eiga eftir að vera til í áratugi og því mikilvægt að vel sé staðið að verki, þannig að mannvirkin standist áskoranir vegna loftslagsbreytinga, valdi sem minnsti losun gróðurhúsalofttegunda, rísi í sátt við umhverfið og bæti lífsgæði þeirra sem það nýta. Þetta leggja Reitir áherslu á í verki, t.d. með því að BREEAM-votta skipulagstillögur við Orkureit og atvinnukjarna í landi Blikastaða. Búið er að senda fyrsta þrep vottunar Orkureits til yfirferðar hjá BREEAM.

Aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga

Helstu áhrif loftslagsbreytinga á rekstur fasteigna Reita eru vegna fyrrsýnlegrar hækkunar sjávarstöðu og aukinnar úrkomuákefðar. Á árinu 2020 voru áhættuþættir metnir og skilgreindir og áhættugreining fór fram á árinu 2021. Gerð verður áætlun um umbætur til að auka viðnámsþrótt (eða seiglu) fasteignanna, þar sem það á við. Þannig er eftir fremsta megni reynt að komast hjá því að áhrif loftslagsbreytinga komi til með að valda tjóni á fasteignum og trufla þá starfsemi sem í þeim er.

Reitir hafa unnið drög að skýrslu í samræmi við ráðleggingar TCFD (Task force for Climate related Financial Disclosure) og mun þeirri vinnu haldið áfram.

Kolefnislosun og kolefnisjöfnun

Reitir meta kolefnislosun (eða losun gróðurhúsalofttegunda) frá starfsemi sinni og birta opinberlega á hverju ári og stefnan er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að jafnaði 5% á ári og vera kolefnishlutlaus fyrir árið 2040. Upplýsingar um kolefnislosun

félagsins kemur fram í kafla E1 og má þar sjá að markmiðum í stefnu félagsins um að draga úr losun var náð. Losun ársins, að undanskilinni losun vegna Reita þjónustu sem er í umfangi 3 og tengist fasteignum sem Reitir hafa ekki umráð yfir, var kolefnisjöfnuð í samvinnu við Votlendissjóð.

E8 Loftslagseftirlit / stjórn

GRI 102-19, 20, 29, 30, 31 | UNGC | SDG

Stjórn Reita fjallar ítarlega um umhverfismál félagsins a.m.k. einu sinni á ári. Áhættuþættir tengdir umhverfismálum hafa verið felldir inn í áhættustefnu og áhættumat félagsins.

Stjórn Reita fékk m.a. kynningu á áhrifum loftslagsbreytinga á fasteignir félagsins á árinu og fjallaði um fyrstu mátun við TCFD ráðleggingar.

E9 Loftslagseftirlit / stjórnendur

GRI 102-19, 20, 29, 30, 31 | UNGC | SDG

Sjálfbærnefnd Reita var skipuð á árinu. Nefndin er skipuð einum fulltrúa frá hverju sviði Reita. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja að sjálfbærni verði hluti af daglegum rekstri félagsins og vera leiðbeinandi um áherslur í sjálfbærnimálum, þannig að sem bestur árangur náist í félagslegri, efnahagslegri og umhverfislegri sjálfbærni. Nefndin fjallar um loftslagsmál í víðum skilningi og hefur m.a. fjallað um drög að skýrslu Reita að TCFD ráðleggingunum. Upplýsingar úr starfi nefndarinnar er skilað til stjórnar og framkvæmdastjórnar með reglubundnum hætti.

Umræða um loftslagsmál er tekin fyrir á framkvæmdastjórnarfundum í tengslum við umfjöllun stjórnar um þau mál.

E10 Mildun loftslagsáhættu

GRI | UNGC 9 | SDG 13

Í þróunarverkerfnum Reita er markvisst unnið að því að skipuleggja byggð með innviðum sem hafa viðnámsþrótt gagnvart loftslagsbreytingum. Lögð er áhersla á að innviðir verði ekki fyrir tjóni vegna flóða, m.a. með því að þrengja ekki að náttúrulegum flóðasvæðum. Blágrænar ofanvatnslausnir eru útfærðar á öllum þróunarreitum, en þær auka seiglu gegn aukinni úrkomuákefð. Innviðir miða að því að þróunarsvæðin séu aðgengileg gangandi og hjólandi vegfarendum og helstu þróunarreitirnir eru við borgarlínuása. Hugað er að göngu- og hjólastígum og tengingum þeirra við aðlæg hverfi, hjólastæðum og deilibílum, svo eitthvað sé nefnt. Þetta er liður í að styðja við framgang vistvænna og virkra samgangna og þannig draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ekki hefur verið farið í fjárfestingar eingöngu til að stuðla að mildun loftslagsáhættu og því ekki verið tekið saman það fjármagn sem farið hefur í þær.

Félagslegir þættir

Á meðal markmiða Reita er að vera ábyrgur samfélagsþegn og styðja við félagasamtök sem starfa í takti við stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð.

Reitir veittu heilbrigðisyfirvöldum áfram afnot af byggingunni að Suðurlandsbraut 34 og lögðu þannig sitt á vogarskálarnar í baráttunni við Covid-19.

Reitir héldu á árinu áfram stuðningi sínum við góðgerðarfélög, svo sem Specialisterne sem vinna að því að auka virkni einstaklinga á einhverfurófi og gera þeim kleift að fara út á vinnumarkaðinn. Með því vilja Reitir styðja við fjölbreytni í atvinnulífinu. Einnig styðja Reitir áfram við Unicef og UN Women, Heimili og skóla o.fl.

Á meðal markmiða Reita samkvæmt stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð er að vera eftirsóttur vinnustaður og leggur félagið áherslu á að skapa starfsfólki sínu jöfn tækifæri og heilbriggt, öruggt og hvetjandi vinnuumhverfi. Hjá Reitum starfaði 21 einstaklingur í fullu starfi í árslok 2021. Grunnildir félagsins eru jákvæðni, fagmennska og samvinna og er lögð áhersla á að starfsfólk Reita vinni eftir þeim í öllum sínum störfum fyrir félagið.

Reitir líða ekki mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, stjórnmalaskoðana, aldurs, kynhneigðar, atgervis, fötlunar eða efnahags og vilja stuðla að því að fólk fái notið hæfileika, sér og samfélaginu til ávinnings. Reitir líða ekki ógnandi tilburði, einelti eða ofbeldi af nokkru tagi svo sem svívirðingar, baktal eða áreitni af neinum toga. Hverjum einstaklingi sem telur sig hafa orðið fyrir áreitni er rétt að tilkynna atvikið til yfirmanns eða trúnaðarmanns. Félagið hefur sett fram stefnu og viðbragðsáætlun og verklag um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi sem kynnt er öllu starfsfólki og er hún aðgengileg í handbók starfsfólks sem vistuð er á innri vef félagsins.

Stefna félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð skiptist m.a. í mannréttinda- og jafnréttisstefnu, siðareglur og varnir gegn spillingar- og mútumálum, stefnu varðandi heilsu og öryggi starfsfólks og jafnréttis- og jafnlaunastefnu. Starfsfólki hefur verið kynnt stefnan og gerð grein fyrir skyldum sínum gagnvart haghöfum félagsins, sem og þeim réttindum sem þeim eiga að vera tryggð. Með ábyrgri og vandaðri starfsmannastefnu er stuðlað að bættu viðskiptasiðferði í samfélaginu. Vinnubrögð sem samræmast ekki stefnu félagsins geta skaðað félagið fjárhagslega eða skaðað orðspor þess. Starfsfólk er hvatt til að láta stjórnendur vita af því ef það telur félagið eða starfsfólk þess ekki fara að þeim reglum sem stefnan setur fram, og er þeim heitið trúnaði um slíkar ábendingar. Er starfsfólki kynnt ákvæði laga um vernd uppljóstrara og verklagsreglur sem Reitir hafa sett um uppljóstrun starfsmanna um brot eða ámælisverða háttsemi. Félagið lætur framkvæma vinnustaðakannanir til að fá vísbendingu um viðhorf starfsfólks til vinnuumhverfisins og um líðan á vinnustað.

Reitir hafa frá upphafi virt félagafrelsi starfsfólks síns og rétt til kjarasamninga. Á vettvangi stjórnar félagsins er starfandi starfskjaranefnd og er hún stjórn og forstjóra


ráðgefandi um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins. Starfskjarastefna félagsins er lögð fyrir aðalfund félagsins til samþykktar ár hvert. Markmið starfskjarastefnunnar eru að tryggja að félagið geti á hverjum tíma boðið stjórnendum og öðru starfsfólki samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi, styðji við rekstrar- og þjónustumarkmið félagsins hverju sinni og að eðlilegt samræmi sé í launasetningu þess.

S1 Launahlutfall forstjóra

GRI 102-38 | UNGC 6 | SDG

Laun forstjóra eru ákveðin af stjórn félagsins og eru í samræmi við starfskjarastefnu félagsins, byggt á hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins. Laun forstjóra eru birt í ársreikningi félagsins.

Miðgildi launa starfsfólks árið 2021 er 33% (3,07 : 1) af launum forstjóra.




Mynd S1. Launahlutfall forstjóra sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi (X:1)

S2 Launamunur kynja

GRI 405-2 | UNGC 6 | SDG 5

Í árslok 2021 störfuðu hjá Reitum 21 einstaklingur í fullu starfi, 8 karlar og 13 konur. Hlutfall miðgildis launa karla og miðgildis launa kvenna á árinu var 185% (1,85 : 1).

Munurinn skýrist að miklu leyti af ólíkum störfum innan félagsins samanborið við kafla S4. Miðgildi launa karla er framkvæmdastjórnarstaða en miðgildi launa kvenna er annar starfsmaður. Þar sem starfsfólk Reita er undir 25 talsins er ekki gerð lagaleg krafa um að félagið öðlist jafnlaunavottun. Stjórnendur Reita telja sig uppfylla ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skv. lögum nr. 10/2008.



Mynd S2. Launamunur kynja

S3 Starfsmannavelta

GRI 401-1b | UNGC 6 | SDG

Fjöldi starfsfólks hjá Reitum var 21 í lok árs 2021 og heildarstöðugildi á árinu voru 21,4. Á árinu hætti einn starfsmaður. Starfsmannavelta telst því vera 5%.

Hlutfall starfsfólks í hutastarfi breytist ekki á milli ára og ekki eru starfsmenn í verktöku.


S4 Kynjafjölbreytni

GRI 102-8, 405-1 | UNGC 6 | SDG 5

Hjá Reitum störfuðu 21 einstaklingar meirihluta ársins, þar af 13 konur (62%) og 8 karlar (38%). Í framkvæmdastjórn eru 6 einstaklingar og annað starfsfólk er 15 talsins.

Forstjóri félagsins er karlmaður og af hinum 5 framkvæmdastjórum félagsins eru 4 karlar og 1 kona. Þannig eru kynjahlutföll í framkvæmdastjórn með þeim hætti að karlar eru 83% og konur 17%. Annað starfsfólk eru 15 einstaklingar, 3 karlar (20%) og 12 konur (80%).

Samkvæmt jafnréttis- og jafnlaunastefnu Reita skal leitast við að jafna hlutfall kynjanna í hópi starfsfólks og í stjórnunarstöðum. Dreifingu kynja eftir heildarfjölda starfsfólks, í framkvæmdastjórn og í öðrum störfum má sjá á mynd S4.



Mynd S4. Kynjafjölbreytileiki

S5 Hlutfall tímabundinna starfskrafta

GRI 102-8 | UNGC 6 | SDG

Allt starfsfólk er fastráðið, fyrir utan einn sumarstarfsmann sem var í hlutastarfi. Hlutfall starfsmanna í hlutastarfi var þannig um 0,4% af heildarstöðugildum. Engir starfsmenn eru í verktöku og félagið byggir ekki starfsemi sína á sjálfstætt starfandi ráðgjöfum.

S6 Aðgerðir gegn mismunun

GRI 103-2 | UNGC 6 | SDG

Í stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð kemur fram að Reitir líti svo á að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda. Einnig segir að félagið kappkosti að skapa starfsfólki jöfn tækifæri til þróunar í starfi og líði ekki mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, stjórnmalaskoðana, aldurs, kynhneigðar, atgervis, fötlunar eða efnahags.

Í stefnunni kemur einnig fram að Reitir líði ekki ógnandi tilburði, einelti eða ofbeldi af nokkru tagi svo sem svívirðingar, baktal eða áreitni af neinum toga.

Félagið hefur sett fram stefnu og viðbragðsáætlun og verklag um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi.

S7 Vinnuslysaförni

GRI 403-9 | UNGC | SDG 3

Engin vinnuslys hafa verið tilkynnt til félagsins, enda eðli starfa með þeim hætti að lítil slyshætta getur talist af.

S8 Hnattræn heilsa og öryggi

GRI 103-2 | UNGC | SDG 3

Reitum er umhugað um öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks og sér félagið til þess að starfsfólk fái góða vinnuáðstöðu og heilnæmt vinnuumhverfi. Félagið vill stuðla að sveigjanleika í vinnu og starfsfólk sem þess óskar getur unnið heiman frá sér þegar verkefni og eðli þeirra leyfa. Í könnun meðal starfsfólks sem gerð var í byrjun árs 2022 kom fram að meirihluti starfsfólks vill hafa möguleika á að vinna heima a.m.k. nokkra daga í mánuði.

Í stefnu Reita varðandi samfélagslega ábyrgð er kafli um heilsu og öryggi starfsfólks. Félagið hvetur starfsfólk sitt til heilbrigðra lífshátta og til stuðnings því er starfsfólki m.a. útvegaður aðgangur að líkamsrækt. Reitir útvega starfsfólki sínu einnig rafmagnsbíla til að sinna erindum utan skrifstofu og auðvelda því starfsfólki að komi gangandi eða hjólandi til vinnu. Reitir hvetja til endurmenntunar starfsfólks.

S9 Barna- og nauðungarvinna

GRI 103-2 | UNGC 4, 5 | SDG 8

Í mannréttinda- og jafnréttisstefnu Reita, sem er hluti af stefnu varðandi samfélagslega ábyrgð kemur fram að það samræmist ekki stefnu Reita að eiga í viðskiptum við aðila sem tengjast barnaþrælkun eða nauðungar- og þrælkunarvinnu af neinu tagi. Eins eru ákvæði varðandi barna- og nauðungarvinnu í siðareglum birgja.

Reitir fara að lögum og reglum í allri starfsemi sinni, og þar á meðal þeim lögum og reglum sem miða að því að vernda börn og ungmenni, m.a. gegn barnaþrælkun og/eða nauðungarvinnu. Félagið starfar samkvæmt íslenskri vinnulöggjöf og hafa engin ungmenni undir 18 ára aldri starfað hjá félaginu og hefur félaginu ekki borist neinar ábendingar um störf barna og ungmenna á vegum þeirra aðila sem félagið kaupir þjónustu af.

S10. Mannréttindi

GRI 103-2 | UNGC 1, 2 | SDG 4, 10, 16

Í stefnu Reita varðandi samfélagslega ábyrgð er að finna sérstaka mannréttinda- og jafnréttisstefnu, sem fjallar um réttindi starfsfólks Reita annars vegar og mannréttindi annarra hagaðila hins vegar. Í henni segir m.a. að Reitir líti svo á að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda. Félagið skuldbindur sig til að virða almenn mannréttindi í allri starfsemi sinni og það samræmist ekki stefnu félagsins að eiga í viðskiptum við aðila sem virða ekki almenn mannréttindi, svo sem réttindi á vinnumarkaði, rétt til félagafrelsis og góðs aðbúnaðar. Þar er einnig fjallað um rétt til kjarasamninga, jöfn tækifæri, jafnrétti og jöfn laun.

Stjórnarhættir

Stjórn Reita leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og taka stjórnarhættir félagsins mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum um ársreikninga nr. 3/2006, og Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Félagið er með hlutabréf sín og skuldabréf skráð í kauphöll og fylgir þeim reglum sem gilda um skráð félög, auk þeirra ákvæða sem fram koma í samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og starfsreglum undirnefnda.

Félagið fékk endurtekna viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í ágúst 2021, eins og árin 2015 — 2020. Reitir fengu einnig viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki á árinu. Félagið hefur látið gera úttekt á stjórnarháttum sínum á þriggja ára fresti, síðast í febrúar 2019. Stefnt er að því að endurtaka slíka úttekt á árinu 2022. Staðfesta niðurstöður úttektanna að félagið fylgir lögum, reglum og ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Siðareglur birgja voru innleiddar á árinu og undir árslok var byrjað að kynna þær fyrir nýjum birgjum og ráðgjöfum við upphaf nýrra viðskiptasamninga.

Vísað er til stjórnarháttayfirlýsingar Reita sem birt er á heimasíðu félagsins og í ársreikningi félagsins, um nánari umfjöllun um stjórnarhætti Reita.

G1 Kynjahlutfall í stjórn

GRI 405-1 | UNGC | SDG 5, 10

Stjórn Reita er skipuð þremur konum og tveimur körlum. Formaður stjórnar félagsins er karlmaður. Engir varamenn eru í stjórn félagsins.

Stjórn Reita hefur skipað tvær undirnefndir, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Í endurskoðunarnefnd eru þrír nefndarmenn, tvær konur og einn karlmaður, sem fer með formennsku í nefndinni. Í starfskjaranefnd sitja tveir nefndarmenn, ein kona og einn karl.

Stjórn ásamt hluthafafundi skipa aðila í tilnefningarnefnd Reita. Hún samanstendur af þremur aðilum, tveimur konum, og gegnir önnur þeirra formennsku nefndarinnar, og einum karli.

G2 Óhæði stjórnar

GRI 102-23, 22 | UNGC | SDG

Allir stjórnarmenn Reita eru óháðir félaginu.

Í starfsreglum stjórnar eru ítarleg ákvæði um hlutverk og skyldur formanns stjórnar félagsins, hlutverk og skyldur stjórnar félagsins og skyldur og heimildir forstjóra. Ekki er að finna ákvæði í samþykktum félagsins eða starfsreglum sem beinlínis banna forstjóra að sinna stjórnarformennsku, en af ákvæðum starfsreglnanna og samþykktu félagsins

má ráða að það samrýmdist illa ákvæðum þeirra ef að forstjóri félagsins gegndi jafnframt stjórnarformennsku í félaginu.

G3 Kaupaukar

GRI 102-35 | UNGC | SDG

Í stefnu Reita varðandi samfélagslega ábyrgð er lögð áhersla á að félagið og starfsfólk þess sýni af sér samfélagslega ábyrga hegðun í allri starfsemi félagsins. Ekki hefur þó verið sett fram formlegt kaupaukakerfi fyrir starfsfólk varðandi frammistöðu í þeim þáttum sem falla undir samfélagslega ábyrgð.

Samkvæmt starfskjarastefnu Reita, sem birt er á vefsíðu félagsins, getur forstjóri eða starfskjaranefnd félagsins tekið upp formlega árangurstengingu á launum starfsfólks, og skal þá áætlun þar um lögð fyrir stjórn.

G4 Kjarasamningar

GRI 102-41 | UNGC 3 | SDG 8

Í stefnu Reita varðandi samfélagslega ábyrgð er tekið fram að félagið virði félagafrelsi og viðurkenni rétt manna til kjarasamninga. Allt starfsfólk Reita gerir skriflega ráðningarsamninga við félagið þar sem vísað er til þess að um réttindi starfsfólks fari eftir tilteknum kjarasamningum.

G5 Siðareglur birgja

GRI 102-16, 103-2 | UNGC 2, 3, 4, 8 | SDG 12

Reitir birta siðareglur birgja á vefsíðu sinni og einnig er fjallað um siðareglur birgja í stefnu Reita varðandi samfélagslega ábyrgð. Undir lok árs var byrjað að kynna siðareglur birgja fyrir birgjum og ráðgjöfum/verktökum og óskað eftir staðfestingu á að þeim sé framfylgt.

Í útboðslýsingum og verksamningum gera Reitir kröfu um að verktakar lýsa yfir og ábyrgist að þeir virði réttindi starfsfólks síns og undirverktaka. Ekki er til yfirlit um fjölda eða hlutfall verktaka sem skrifað hafa undir slíka samninga eða siðareglur birgja.

Allir nýlegir leigusamningar, samningar um framlengingu eða viðaukar vegna leigusambanda Reita hafa að geyma ákvæði um að félagið áskilji sér rétt til að rifta leigusamningi umsvifalaust komi í ljós að starfsemi í fasteigninni brjóti gegn lögum og reglum og/eða ef leigutaki gerist sekur um að virða ekki almenn mannréttindi starfsfólks eða viðskiptavina í tengslum við notkun leigutaka á fasteigninni. Reitir hafa beitt þessum ákvæðum í samningum fyrir sig í nokkur skipti, bæði varðandi val á verktökum og varðandi leigutaka sína.

G6 Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

GRI 102-16, 103-2 | UNGC 10 | SDG 16

Stefna Reita varðandi samfélagslega ábyrgð hefur að geyma kafla um siðareglur Reita og varnir gegn spillingu og mútumálum. Þar er m.a. fjallað um viðskiptasiðferði, meðferð

trúnaðarupplýsinga, siðferðileg vafamál og vernd uppljóstrara. Reitir hefur einnig sett sér stefnu um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Félagið hefur sett fram stefnu og viðbragðsáætlun og verklag um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi sem kynnt er öllu starfsfólki og er aðgengilegt þeim í handbók starfsfólks sem vistuð er á innra neti félagsins. Einnig hafa verið settar verklagsreglur um uppljóstrun starfsmanna um lögprot eða aðra ámælisverða háttsemi í tengslum við starfsemi félagsins.

Starfsfólk hefur ekki með formlegum hætti vottað fylgni sína við reglurnar en þær eru vel kynntar starfsfólki. Engar tilkynningar um mögulega misbrestir hafa borist stjórn eða stjórnendum félagsins frá starfsfólki félagsins eða öðrum.

G7 Persónuvernd

GRI 418 | UNGC | SDG

Reitir hafa sett sér Persónuverndarstefnu sem birt er á vefsíðu félagsins. Haldið er utan um vinnsluskra sem gerð er í samræmi við fyrirmæli GDPR (General Data Protection Regulation) sem tekin voru upp í persónuverndarlög á Íslandi á árinu 2018. Félagið setti sér einnig verkferla og aðgerðaráætlun á árinu 2018 sem það fylgir í dag.

Tilgreindir hafa verið aðilar innan félagsins sem sjá um meðferð og meðhöndlun persónuupplýsinga í samræmi við reglur GDPR. Reitum er ekki skylt að hafa persónuverndarfulltrúa þar sem starfsfólk félagsins er einungis 21 talsins.

G8 Sjálfbærnisráskýrsla

GRI | UNGC 8 | SDG

Reitir birta nú samfélagsskýrslu sína í þriðja sinn samhliða skýrslu stjórnar og telur félagið sig með því uppfylla ákvæði 66. gr. d. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Skýrslan fjallar ítarlega um sjálfbærni í umhverfismálum og félagslegum þáttum. Sjálfbærnihugtakið í rekstri fyrirtækja nær einnig yfir efnahagsmálin, en fjallað er um þau í ársreikningi félagsins. Ársreikningur og samfélagsskýrsla eru gefin út samhliða og birt undir hatti ársskýrslu á vefsvæði Reita.

Önnur gögn um sjálfbærni er ekki að finna í skýrslum til yfirvalda, enda ekki gerð krafa um slíkt hvað varðar starfsemi félagsins. Félagið gefur árlega út svokallaða „ESG Report“ sem send er til Nasdaq kauphallarinnar og birt er á vettvangi hennar.

G9 Starfsvenjur við upplýsingagjöf

GRI | UNGC 8 | SDG 17

Stefna Reita varðandi samfélagslega ábyrgð hefur að geyma tilvísanir til hinna 17 markmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (Heimsmarkmiðin). Þau Heimsmarkmið sem Reitir geta sérstaklega beitt sér fyrir eru Heimsmarkmið nr. 8 um góða atvinnu og hagvöxt, nr. 11 um sjálfbærar borgir og samfélög og nr. 12 um ábyrga neyslu

og framleiðslu. Eins og fram kemur í þessari skýrslu tengist starfsemi Reita þó mun fleiri Heimsmarkmiðum.

Samfélagsskýrsla Reita er gefin út árlega og birt á vefsíðu félagsins, þar sem allir hagsmunaaðilar hafa aðgang að henni. Ekki er að öðru leyti gefin skýrsla um framvindu Heimsmarkmiðanna en kemur fram í þessari skýrslu og á vefsvæði Reita. Ekki er um aðrar skýrslur að ræða en þessa Samfélagsskýrslu sem byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq, en vísað er til samsvarandi ákvæða í GRI og UNGC þar sem það á við.

G10 Endurskoðun/vottun ytri aðila

GRI 102-56 | UNGC 8 | SDG

Reitir hafa ekki látið framkvæma úttektir á þeim upplýsingum og gögnum sem fram koma í samfélagsskýrslu þessari utan þess sem áður hefur komið fram um úttekt á stjórnarháttum félagsins og fjallað er um í inngangi þessa kafla um stjórnarhætti Reita.

ESG tafla Reita 2021

Á næstu síðum er ESG tafla Reita, sem sett er upp í takt við UFS leiðbeiningar Nasdaq.

Umhverfisþættir

E1. Losun gróðurhúsalofttegunda	Einingar	2018	2019	2020	2021
Umfang 1 – Eldsneyti	tCO _{2i}	16,2	15,3	16,0	13,3
Umfang 2 – Rafmagn	tCO _{2i}	2,7	5,6	7,2	6,9
– Þar af skrifstofa Reita	tCO _{2i}	0,3	0,3	0,3	0,2
– Þar af fasteignir í millibilsástandi	tCO _{2i}	2,4	5,3	6,9	6,7
Umfang 2 – Heitt vatn	tCO _{2i}	1,4	7,4	16,9	14,4
– Þar af skrifstofa Reita	tCO _{2i}	0,3	0,3	0,4	0,3
– Þar af fasteignir í millibilsástandi	tCO _{2i}	1,1	7,1	16,5	14,1
Umfang 3 – Flugferðir	tCO _{2i}	–	9,3	3,2	1,6
Umfang 3 – Akstur starfsfólks til og frá vinnu	tCO _{2i}	–	7,9	4,5	3,8
Umfang 3 – Úrgangur	tCO _{2i}	–	25,3	20,1	7,8
– Þar af úrgangur skrifstofa Reita	tCO _{2i}	–	1,2	0,8	0,7
– Þar af úrgangur úr endurnýjunarverkum	tCO _{2i}	–	24,0	19,4	7,1
Umfang 3 – Reitir þjónusta	tCO _{2i}	–	–	–	242,5
– Þar af rafmagn	tCO _{2i}	–	–	–	33,1
– Þar af heitt vatn	tCO _{2i}	–	–	–	126,1
– Þar af úrgangur	tCO _{2i}	–	–	–	83,3
Samtals losun – Með Reitir þjónusta	tCO _{2i}	20,2	70,7	67,9	290,4
Samtals losun – Án Reitir þjónusta	tCO _{2i}	20,2	70,7	67,9	47,9
Mótvægisaðgerðir, Votlendissjóður	tCO _{2i}	–	–	68,0	50,0

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3

E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Einingar	2018	2019	2020	2021
Rekstrarþættir					
Losun gróðurhúsalofttegunda	tCO _{2i}	–	70,7	67,9	290,4
Stærð fasteigna	m ²	–	460.000	445.000	455.000
Tekjur	milljón ISK	–	11.723	10.685	11.850
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	–	21,25	22,6	21,4
Losunarkræfni					
Losunarkræfni á hvern fermetra eignasafns	kgCO _{2i} /m ²	–	3,327	3,004	13,569
Losunarkræfni tekna	kgCO _{2i} /millj.ISK	–	6,0	6,4	24,5
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO _{2i} /stöðug.	–	0,2	0,2	0,6

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13

E3. Orkunotkun	Einingar	2018	2019	2020	2021
Jarðefnaeldsneyti	kWst	64.605	61.605	64.320	52.334
Rafmagn	kWst	357.632	738.515	869.345	5.415.821
– Þar af skrifstofa Reita	kWst	35.875	36.411	33.963	31.100
– Þar af fasteignir í millibilsástandi	kWst	321.757	702.104	835.382	905.545
– Þar af Reitir þjónusta	kWst	–	–	–	4.479.176
Heitt vatn	kWst	491.833	2.498.600	4.220.720	36.976.276
– Þar af skrifstofa Reita	kWst	99.949	85.711	92.434	87.406
– Þar af fasteignir í millibilsástandi	kWst	391.884	2.412.889	4.128.286	3.700.690
– Þar af Reitir þjónusta	kWst	–	–	–	33.188.180
Heildarorkunotkun, án Reitir þjónusta	kWst	914.070	3.298.720	5.154.385	4.777.075
Heildarorkunotkun, með Reitir þjónusta	kWst	914.070	3.298.720	5.154.385	42.444.431

Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12

E4. Orkukræfni	Einingar	2018	2019	2020	2021
Rekstrarþættir					
Bein orkunotkun	kWst	-	61.605	64.320	52.334
Stærð fasteigna	m ²	-	460.000	445.000	455.000
Tekjur	milljón ISK	-	11.723	10.685	11.850
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	-	21,25	22,6	21,4
Orkukræfni					
Orkukræfni á hvern fermetra eignasafns	kWst/m ²	-	0,1	0,1	0,1
Orkukræfni tekna	kWst/millj.ISK	-	5,3	6,0	4,4
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðug.	-	2.899	2.846	2.446

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12

E5. Samsetning orku	Einingar	2018	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	914.070	3.298.720	5.154.385	4.777.075
Jarðefnaeldsneyti	%	7%	2%	1%	1%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	93%	98%	99%	99%
- Þar af rafmagn	%	39%	22%	17%	20%
- Þar af heitt vatn	%	54%	76%	82%	79%

Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7

E6. Vatnsnotkun	Einingar	2018	2019	2020	2021
Kalt vatn	m ³	1.618	1.880	19.443	144.082
- Þar af skrifstofa Reita	m ³	563	761	631	695
- Þar af fasteignir í millibilsástandi	m ³	1.055	1.119	18.812	-4.226
- Þar af Reitir þjónusta	m ³	-	-	-	147.613
Heitt vatn	m ³	8.705	44.223	74.703	637.522
- Þar af skrifstofa Reita	m ³	1.769	1.517	1.636	1.507
- Þar af fasteignir í millibilsástandi	m ³	6.936	42.706	73.067	63.805
- Þar af Reitir þjónusta	m ³	-	-	-	572.210
Heildarvatnsnotkun, án Reitir þjónusta	m ³	10.323	46.103	94.146	61.781
Heildarvatnsnotkun, með Reitir þjónusta	m ³	10.323	46.103	94.146	781.604
Endurrunnið vatn	m ³	-	-	-	-
Endurheimt vatn	m ³	-	-	-	-

Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2018	2019	2020	2021
Heildarmagn úrgangs	kg	-	169.925	192.259	353.372
Hlutdeild í heildarmagni					
- Reitir skrifstofa (hlutdeild í úrgangi Kringlunnar)	%	-	2%	1%	1%
- Úr fasteignum/framkvæmdum	%	-	33%	21%	53%
- Reitir þjónusta	%	-	65%	78%	47%
Flokkunarhlutfall					
- Reitir skrifstofa (hlutdeild í úrgangi Kringlunnar)	%	-	24%	21%	19%
- Úr fasteignum/framkvæmdum	%	-	100%	18,6%	92%
- Reitir þjónusta	%	-	24,8%	18,3%	18,5%

Flugferðir – vinnuferðir	Einingar	2018	2019	2020	2021
Heildarvegalengd	km	-	98.261	34.968	12.392
- þar af erlendis	km	-	91.611	32.478	12.392
- þar af innanlands	km	-	6.650	2.490	5.032

Fjöldi ferða	fjöldi	-	36	11	11
- þar af erlendis	fjöldi	-	23	6	3
- þar af innanlands	fjöldi	-	13	5	8

Samgöngur starfsmanna til og frá vinnu	Einingar	2018	2019	2020	2021
Heildarvegalengd	km	-	51.067	33.001	40.468
Hlutfall daga í fjarvinnu	%		0%	30%	10%
Heildarfjöldi ferðadaga	fjöldi	-	4.700	3.300	4.200
Hlutfall ferða hjólandi/gangandi	%		13%	13%	14%
Hlutfall ferða í almenningssamgöngum	%	-	2%	0,0%	0,5%
Hlutfall ferða í einkabíll	%	-	85%	87%	86%
- þar af bensín/dísel	%		63%	43%	41%
- þar af tvinnbíll	%		13%	31%	26%
- þar af rafmagn/metan	%	-	9%	14%	19%

Meðhöndlun pappírs	Einingar	2018	2019	2020	2021
Heildarþyngd prentaðs pappírs	kg	352	344	240	189
Heildarmagn prentaðs pappírs	blaðsíður	60.531	59.026	40.631	30.718
- þar af litaprent	blaðsíður	13.085	11.970	9.166	8.221
- þar af svarthvít prentun	blaðsíður	47.446	47.056	31.465	22.497
- þar af tvíhliða	blaðsíður	5.944	4.200	3.214	2.215
Litaprentun	%	22%	20%	23%	27%
Svarthvít prentun	%	78%	80%	77%	73%
Tvíhliða	%	10%	7%	8%	7%

E7. Umhverfisstarfsemi	Einingar	2018	2019	2020	2021
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Nei	Nei	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei

Nasdaq: E7|GRI: 103-2

E8 Loftlagseftirlit stjórnar	Einingar	2018	2019	2020	2021
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Já	Já

Nasdaq: E8|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31

E9. Loftlagseftirlit stjórnenda	Einingar	2018	2019	2020	2021
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Já	Já

Nasdaq: E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31

E10. Mildun loftlagsáhættu	Einingar	2018	2019	2020	2021
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	þúsund ISK	-	-	-	-

Nasdaq: E10|UNGC: P9

Félagslegir þættir

S1. Launahlutfall forstjóra	Einingar	2018	2019	2020	2021
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	2,93	2,83	2,83	3,07
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/nei	Já	Já	Já	Já
<i>Nasdaq: S1/UNGC: P6/GRI 102-38</i>					

S2. Launamunur kynja	Einingar	2018	2019	2020	2021
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	1,75	1,62	1,60	1,85
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	-	-	-	-
<i>Nasdaq: S2/UNGC: P6/GRI: 405-2</i>					

S3. Starfsmannavelta	Einingar	2018	2019	2020	2021
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	-	0%	4%	5%
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-	0%	0%
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa	%	0%	0%	0%	0%
<i>Nasdaq: S3/UNGC: P6/GRI: 401-1b/SDG: 12</i>					

S4. Kynjafjölbreytni	Einingar	2018	2019	2020	2021
Starfsmannafjöldi – heild	fjöldi	21	22	23	21
– þar af konur	fjöldi	12	13	14	13
– þar af karlar	fjöldi	9	9	9	8
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	57%	59%	61%	62%
Annað / almennt starfsfólk	fjöldi	15	16	17	15
– þar af konur	fjöldi	11	12	13	12
– þar af karlar	fjöldi	4	4	4	3
Hlutfall kvenna, annað starfsfólk	%	73%	75%	76%	80%
Framkvæmdastjórn	fjöldi	6	6	6	6
– þar af konur	fjöldi	1	1	1	1
– þar af karlar	fjöldi	5	5	5	5
Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn	%	17%	17%	17%	17%
<i>Nasdaq: S4/UNGC: P6/GRI: 102-8, 405-1</i>					

S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Einingar	2018	2019	2020	2021
Heildar stöðugildi	fjöldi	21,5	21,3	22,6	21,4
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-	0,6%	0,4%
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-	0%	0%
<i>Nasdaq: S5/GRI: 102-8/UNGC: P6</i>					

S6. Aðgerðir gegn mismunun	Einingar	2018	2019	2020	2021
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	Já/nei	Já	Já	Já	Já
<i>Nasdaq: S6/UNGC: P6/GRI: 103-2</i>					

S7. Vinnuslysatiðni	Einingar	2018	2019	2020	2021
S7. Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0%	0%	0%	0%
<i>Nasdaq: S7/GRI: 403-9/SDG: 3</i>					

S8. Hnattræn heilsa og öryggi	Einingar	2018	2019	2020	2021
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt starfstengdri heilsustefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Nei	Nei	Já	Já
<i>Nasdaq: S8/GRI: 103-2</i>					

S9. Barna- og nauðungarvinna	Einingar	2018	2019	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já	Já	Já
<i>Nasdaq: S9/GRI: 103-2</i>					

S10. Mannréttindi	Einingar	2018	2019	2020	2021
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	Já	Já	Já	Já
<i>Nasdaq: S10/GRI: 103-2</i>					

Stjórnarhættir

G1. Kynjahlutfall í stjórn	Einingar	2018	2019	2020	2021
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima	%	40%	40%	60%	60%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna	%	-	33%	33%	50%
<i>Nasdaq: G1/GRI 405-1/SDG: 10</i>					

G2. Óhæði stjórnar	Einingar	2018	2019	2020	2021
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	100%	100%	100%	100%
<i>Nasdaq: G2/GRI: 102-23, 102-22</i>					

G3. Kaupaukar	Einingar	2018	2019	2020	2021
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei
<i>Nasdaq: G3/GRI: 102-35</i>					

G4. Kjarasamningar	Einingar	2018	2019	2020	2021
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%	100%
<i>Nasdaq: G4/UNGC: P3/SDG: 8/GRI: 102-41</i>					

G5. Siðareglur birgja	Einingar	2018	2019	2020	2021
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Já
Hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-	-	-
<i>Nasdaq: G5/UNGC: P2, P3, P4, P8/GRI: 102-16, 103-2 /SDG: 12</i>					

G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Einingar	2018	2019	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða aðgerðum gegn spillingu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Hlutfall starfsmanna sem hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-	-
<i>Nasdaq: G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2</i>					
G7. Persónuvernd	Einingar	2018	2019	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já	Já	Já
<i>Nasdaq: G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016</i>					
G8. Sjálfbæriskýrsla	Einingar	2018	2019	2020	2021
Birtir fyrirtækið sjálfbæriskýrslu?	já/nei	Nei	Já	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
<i>Nasdaq: G8 UNGC: P8</i>					
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf	Einingar	2018	2019	2020	2021
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið					
Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei
<i>Nasdaq: G9 UNGC: P8</i>					
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	Einingar	2018	2019	2020	2021
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
<i>Nasdaq: G10 UNGC: P8 GRI: 102-56</i>					